

Fundargerð 138. fundar skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík

138. fundur skólanefndar haldinn í fundarherbergi á 2. hæð Casa Nova fimmtudaginn 19. maí 2011 og hófst hann kl.12:15.

Mætt: Ólafur Þ. Stephensen, rektor, Arnbjörn Jóhannesson, Borgar Þór Einarson, Laufey Jónsdóttir, Ragnhildur Bragadóttir og Bjarni Gunnarsson sem vék af fundi eftir 1. dagskrárlið.

1. **Skólasamningur 2010-2012.** Formaður gerði grein fyrir drögum sem liggja fyrir að skólasamningi og viðræðum við menntamálaráðuneytið. Kom fram að nokkur árangur hefði náðst og gerðu rektor og formaður ráð fyrir að samningurinn yrði undirritaður fljótlega.
2. **Úttekt á starfssemi Menntaskólans í Reykjavík.** Formaður kynnti helstu atriði í úttekt ráðgjafarfyrirtækisins *Hins og þessa ehf.* Kom fram að úttektin er að mörgu leyti ófullkomin bæði hvað varðar staðreyndir og þær forsendur sem úttektaraðili virðist ganga útfrá. Lögðu rektor og formaður fram drög að andmælabréfi til úttektaraðila. Málið rætt í nefndinni og einhugur um þá afstöðu sem fram kom í bréfinu.
3. **Innritunargjöld og önnur gjöld 2011-2012.** Rektor lagði fram tillögu um óbreytt gjöld ef frá er talin hækkun á efnis- og tölvugjaldi úr kr. 4.500 í kr. 5.000. Var tillagan samþykkt samhljóða.